

8.-10. bekkur 2019-2020

Umsjónarkennari:

Sólrún Ásta Steinsdóttir

Aðrir kennarar:

Kristín V. Gísladóttir – Myndlist og textíll

Marcia P. Williams – Heimilisfræði

Lilja Ármannsdóttir – Kristinfræði

Bekkurinn samanstendur af 11 nemendum sem skiptast svo:

Enginn nemandi í 8. bekk

7 nemendur í 9. bekk

4 nemendur í 10. bekk

Allflestar kennslustundir bekkjarins fara fram í heimastofu hans, stofu 4.

Íþróttir og sund fara fram í íþróttahúsi Klettaskóla, myndlist og textíll fara fram í listgreinastofunni og tónmennt fer fram í hátíðarsal skólans. Valgreinar fara fram á ýmsum stöðum.

Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og ábyrgð á eigin námi.

Á unglíngastigi er krafa um að nemendur sinni heimanámi sínu

Mikið er lagt upp úr því að nemendur kynnist nærumhverfinu; fjörunni, skóginum og öðrum svæðum í kring, í gegnum útikennslu og leik.

Rík áhersla er lögð á að byggja upp góðan bekkjaranda sem einkennist af vináttu, kærleika og umburðarlyndi.

Nemendur vinna með Uppeldi til ábyrgðar á öllum stigum skólans, enda mikilvægt að hver og einn geri sér snemma grein fyrir hver hann sé, hver hann vilji vera og hvernig umhverfi hann vilji skapa sér.